

# Matsteymi 011 fundur

4. sept 2020

Mættir:

Sigurður Þór, Eydís Bára Ellen Mörk, Hafdís Brynja, Borghildur, Bertha, Guðrún Ósk,

## 1. Fundartímar matsteymis.

Matsteymi leggur til að vikulegur fundartími verði kl. 12:30 - 13:00 á miðvikudögum.

## 2. Ytra mat. Farið yfir starfsáætlun í tímaröð.

### Huga að því að allir hagsmunaaðilar taki þátt í stefnumótun skólans.

- a. Ákveðið að útvíkka matsteymi sem fundi 2-4 sinnum á ári:
  - i. Ákveðið að nemendaráð geri tillögu að því hvaða nemendur og hversu margir sitji í matsteymi. Tillaga verður fengin frá nemendaráði.
  - ii. Ákveðið að foreldrafélagið tilnefni fulltrúa foreldra og fjölda þeirra í matsteymi. Stjórn foreldrafélagsins mun sitja í matsteyminu.
  - iii. Ákveðið að fulltrúi skólayfirvalda í matsteymi verði sviðsstjóri. Foreldrafélagið benti á fulltrúa úr fræðsluráði.
  - iv. Ákveðið að fundargerðir matsteymis verði opinberar á heimasíðu. Fundargerðir hafa verið birtar.

### Huga að því að nemendur séu með í ráðum við gerð einstaklingsnámskráa þegar við á.

Unnið verður verklag við gerð einstaklingsnámskráa þar sem þetta kemur fram. Því er lokið en eftir er að birta það á heimasíðu.

## 3. Skil á framkvæmd umbóta samkvæmt áætlun til Menntamálastofnunar.

Verður tekið fyrir á næsta fundi, skiladagur er 15. september.

Frestað til næsta fundar:

4. Greining Skólapúlsins á samræmdum prófum. Byrjað á að fara yfir verklag um yfirferð samræmdra prófa.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Sign.

Á verkaefnalista:

**Lesfimiskýrsla**

**Samræmd próf.**

**Hvatning fyrir bráðgera nemendur.**

